

## **Úkraína: Tymoshenko fær að fara til útlanda í læknismeðferð**

### **Eftir**

Viktor Yanukovich, forseti Úkraínu tilkynnti í fyrradag, að Yulia Tymoshenko, fyrrum forsætisráðherra, fengi að fara til útlanda til læknismeðferðar að því er fram kemur á euobserver. Langvarandi viðræður hafa staðið yfir á milli Evrópusambandsins og Úkraínu um mál Tymoshenko. ESB hefur gert það að skilyrði fyrir undirritun samninga við Úkraínu á leiðtogafundi í Vilnius í nóvember að hún verði látin laus. Rússneskir fjölmiðlar segja að henni verði gert að greiða sekt.